



Handbók um viðurkenningu háskóla á Íslandi

1. útgáfa, júní 2022

Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðuneytið

Útgefandi:

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Handbók um viðmið sem notuð eru við viðurkenningu háskóla á Íslandi

1. útgáfa, júní 2022

Íslensk þýðing desember 2024

hvin@hvin.is www.hvin.is

Umbrot:

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

©2022 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

ISBN 978-9935-9678-5-5

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1. Markmið og hlutverk.....	7
1.1 Útgefin stefna.....	7
1.2 Siðareglur.....	7
1.3 Áskilin gögn	7
1.4 Önnur gögn sem fylgja mega	8
2. Yfirstjórn og skipulag	9
2.1 Lög og reglur	9
2.2. Áskilin gögn.....	9
2.3 Önnur gögn sem fylgja mega	10
3. Hæfisskilyrði starfsfólks.....	11
3.1 Lög og reglur	11
3.2 Fræðilegt sjálfstæði og tjáningarfrelsi	11
3.3 Hæfisskilyrði starfsfólks.....	11
3.4 Áskilin gögn.....	11
3.5 Önnur gögn sem fylgja mega	13
4. Inntökuskilyrði og réttindi og skyldur nemenda.....	14
4.1 Lög og reglur	14
4.2 Innritun.....	14
4.3 Réttindi háskólanema.....	14
4.4 Áskilin gögn.....	14
4.5 Önnur gögn sem fylgja mega	15
5. Aðstaða og þjónusta	16
5.1 Þjónusta	16
5.2 Stuðningur og sértæk úrræði í námi.....	16
5.3 Áskilin gögn.....	16
5.4 Önnur gögn sem fylgja mega	17
6. Gæðastarf.....	18
6.1 Lög og reglur	18
6.2 Markmið	18
6.3 Innra mat.....	18
6.4 Áskilin gögn.....	18
6.5 Önnur gögn sem fylgja mega	19
7. Pekking og hæfni við námslok.....	20

7.1 Námsleiðir	20
7.2 Áskilin gögn	20
7.3 Önnur gögn sem fylgja mega	20
8. Fjárhagsmál.....	22
8.1 Lög og reglur.....	22
8.2 Áskilin gögn.....	22
8.3 Önnur gögn sem fylgja mega.....	22
Fylgiskjal 1: Aðdragandi og ítarefni	23
Bologna samstarfið (Bologna process).....	23
Lög og reglur.....	23
Viðurkenning einstakra háskóla.....	23
Gæðamat íslenskra háskóla og ráðgjafarnefnd Gæðaráðs.....	23
Gæðahandbók íslenskra háskóla.....	24
Málsmeðferð vegna viðurkenningar	24

Inngangur

Þessi handbók er ætluð menntastofnunum sem hyggjast sækja um viðurkenningu ráðuneytis til að starfa sem háskólar.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tæknipróunar eða lista. Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Háskólar mennta nemendur með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknum og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast fræðilegra vinnubragða, þekkingar og færni. Háskóli undirbýr nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð.

Yfirstjórn háskóla skal tryggja að fulltrúar kennara, nemenda og annars starfsliðs geti tekið þátt í ráðgefandi vettvangi um fagleg málefni innan skólans sem og tekið þátt í fræðilegri stefnumótun.

Í lögum um háskóla¹ kemur ekki fram hvort það skilyrði er sett að skólar skuli hafa starfað í tiltekinn tíma áður en sótt er um viðurkenningu, og þá hvaða starfsemi telst viðeigandi grundvöllur mats. Til að mynda kemur ekki fram hvort gerðar eru tilteknar kröfur um prófgráður á háskólastigi eða breidd námsframboðs eða hvort viðurkenning er veitt sjálfstæðum skólum sem hafa ekki hlotið viðurkenningu áður eða aðeins þeim sem þegar hafa hlotið viðurkenningu annarra aðila. Þar eð engum slíkum lagaákvæðum er til að dreifa skal byggja frummat á námsframboði eins og því er háttáð á þeim tíma sem matið fer fram, gæðakerfi og gæðastefnu menntastofnunarinnar, hvort þegar hefur verið unnið að móton nýrra námsleiða sem taka má til mats með það fyrir augum að færa stofnunina á hærra menntastig og hvort stofnunin hefur tök á að þróa námsframboð sitt frekar í því skyni.

Athugun vegna viðurkenningar háskóla tekur til annarra þátta en athugun sem fram fer í tengslum við reglubundnar stofnanaúttektir („Institution-wide Reviews“ eða IWR), sem hafa það markmið að efla og bæta starfsemi háskóla. Skóla sem sótt hefur um viðurkenningu kann þó að verða gert að vinna um tiltekinn tíma að sjálfsmati faglegra eininga („Subject-level Review“ eða SLR). Þegar skóli hefur hlotið viðurkenningu kann þess einnig að verða krafist að stofnanaúttekt fari fram innan tiltekins tíma.

Í þessari handbók er fjallað um ýmis efnisleg atriði og lagaleg viðmið² sem tengjast mati vegna viðurkenningar háskóla og úttekt á samræmi við settar kröfur, auk þess sem tilgreint er hvað umsókn þarf að hafa að geyma til að ráðneyti sem fer með málefni háskóla geti tekið hana til afgreiðslu. Umsókn um viðurkenningu verður ekki tekin fyrir nema henni fylgi gögn sem sýna á skýran, afdráttarlausan og nákvæman hátt að skólinn sem á í hlut hafi, á líðandi stundu og um fyrirsjáanlega framtíð, fjárhagslegt bolmagn, starfsfólk með viðeigandi þekkingu, húsnæði og aðstöðu til að sinna rannsóknum og kennslu á þeim fræðasviðum sem viðurkenning á að ná til, auk þess að þjóna samfélagini.

¹ Lög nr. 63/2006, með áorðnum breytingum. Öðru nafni „háskólalög“.

² Skuldbindingar Bologna-samstarfsins eru grundvöllur allrar viðurkenningar háskóla á Íslandi og eru formlega útfærð sem slík í lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006.

Afgreiðsla umsóknar um viðurkenningu skal fara fram í áföngum sem hér segir:

1. Stjórnvöld kanna rekstrargrundvöll háskólans sem sækir um viðurkenningu.
2. Ef niðurstaða þeirrar athugunar er jákvæð felur Gæðamat háskóla sérfræðinganefnd að kanna framlögð gögn efnislega.
3. Vettvangsheimsókn fer fram þegar áskilin gögn hafa verið lögð fram og bætt hefur verið úr ágöllum sem fundist hafa, ef einhverjur eru. Ef of mikið vantar á framlögð gögn, eða ágallar eru of margir, getur vettvangsheimsókn ekki farið fram.

Í þessari handbók er rakið hvaða upplýsingar og gögn eiga að fylgja umsókn um viðurkenningu, sbr. upptalningu í stafliðum 2. gr. reglna um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006. Tilgangurinn er að auðvelda skólum sem sækjast eftir viðurkenningu vinnuna við undirbúning umsóknar og tryggja um leið að fullnægt sé skuldbindingum samkvæmt innlendum lagaákvæðum og reglum Evrópska háskólasvæðisins.

Í hverjum kafla handbókarinnar er fjallað um hvað skóli sem sækist eftir viðurkenningu getur gert til að ganga úr skugga um að umsókn sé vönduð og fylgigögn hennar fullnægi settum kröfum, áður en umsóknin er send. Þar sem við á er vísað til krafna í handbók um kröfur og leiðbeiningar fyrir gæðastaðla á Evrópska háskólasvæðinu (ESG).³

Handbókin skiptist í átta efniskafla og hverjum þeirra er síðan skipt í undirkafla til frekara hagræðis.

³ Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area (ESG). Brussel, 2015.

1. Markmið og hlutverk

Í útgefinni stefnu skóla skal gerð skýr grein fyrir hlutverki hans, tilgangi og markmiðum, svo og siðareglunum sem fylgt verður.

1.1 Útgefin stefna

Hlutverk háskóla og þau markmið, sem honum eru sett, skulu vera skýr og í samræmi við hlutverk háskóla, sbr. 2. gr. laga um háskóla nr. 63/2006, og skal þeim lýst í stefnu sem birt er á vefsetri skólans. Stefnan skal sniðin að starfsvettvangi skólans. Í henni skulu koma fram áherslur að því er varðar helstu þætti í starfi skóla, þar á meðal:

- námsframboð,
- rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun,
- nám í skapandi listum, sviðslistum og menningarfræðum (eftir því sem við á) og
- samfélagsábyrgð og þjónustu í almannapágu, meðal annars að því er varðar jafnrétti, fjölbreytileika og þátttöku allra.

1.2 Siðareglur

Allir háskólar skulu setja sér siðareglur, m.a. um réttindi og skyldur starfsmanna, sbr. 2. gr. a laga um háskóla. Æskilegt er að siðareglurnar hafi að geyma stefnumörkun og ákvæði um málsmeðferð sem miðast við að tryggja að háskólaráð, stjórnendur, kennarar, sérfraeðingar og aðrir starfsmenn og nemendur gæti í hvívetna sanngirni og réttlætis. Einnig er æskilegt að í siðareglunum sé að finna yfirlýsingu skólans til staðfestingar á því að unnið sé af heilindum á sviði

- fjármála,
- kennslu og fræðistarfa,
- starfsmannahalds og
- stoðþjónustu.

Í reglunum skal koma fram hvaða leiðir háskólaráð fer til að tryggja sjálfstæði sitt og verjast utanaðkomandi afskiptum.

1.3 Áskilin gögn

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu verður að sýna skýrt fram á það í útgefinni stefnu sinni og öðrum framlögðum gögnum með hvaða hætti og á hvaða grundvelli hann tryggir að sinnt sé með fullnægjandi hætti

- öllum þáttum námsframboðsins,
- málefnum kennara, sérfraeðinga og annars starfsfólks,
- málefnum nemenda og nemendaþjónustu,
- stjórnarháttum og skjalfestingu ákværðana sem teknar eru á ábyrgð háskólaráðs,
- rannsóknum,
- siðareglum.

Framlögð gögn skulu hafa að geyma ítarlega umfjöllun um stjórnskipan skólans, þær stofnanir hans sem fara með ákvörðunarvald og hvernig ákværðanir eru teknar.

Í útgefinni stefnu skólans og skyldum gögnum skal gerð grein fyrir hlutverki hans gagnvart þeim nemendum sem standast inntökukröfur og kynnu að vilja innrita sig í skólann. Þær skal einnig fjallað um

hvernig námsframboð skólans, nemendaþjónusta og skipting innritaðra nemenda fellur að markmiðum stefnunnar.

1.4 Önnur gögn sem fylgja mega

Útgefin stefna

- Yfirlit um sögu, þróun og samþykkt útgefínnar stefnu skólans.
- Gögn sem sýna að yfirstjórn skólans taki útgefna stefnu reglulega til endurskoðunar.
- Upplýsingar um ákvarðanir sem háskólaráð hefur umboð til að taka.
- Gögn sem sýna að námsleiðir, nemendaþjónusta og áherslur að því er varðar áætlanir og fjárhag samræmist útgefínni stefnu skólans.
- Listi yfir fulltrúa í háskólaráði næstliðin 3 ár hið minnsta.
- Fundargerðir háskólaráðs næstliðin 3 ár hið minnsta.

Siðareglur

- Siðareglur.
- Fundargerðir siðanefndar næstliðin 3 ár hið minnsta.
- Gögn sem sýna hvernig nefndin hefur leyst úr siðferðislegum álitamálum, ef slík mál hafa komið til kasta hennar.

2. Yfirstjórn og skipulag

Sýna ber fram á að háskólaráð hafi sjálfstætt umboð til að taka þær ákvarðanir sem þjóna best hagsmunum skólans, nemenda og starfsmanna, í samræmi við markaða stefnu ráðsins.

2.1 Lög og reglur

Fjallað er um stjórnskipan háskóla í V. kafla laga um háskóla (15. og 16. gr.).⁴

Yfirstjórn háskóla sem sækist eftir viðurkenningu skal falin háskólaráði og rektor eftir því sem nánar er kveðið á um í sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða öðrum stofnskjölum skólans.

Skipulag háskóla sem sækist eftir viðurkenningu skal vera með þeim hætti að fulltrúar kennara, nemenda og annars starfsliðs geti tekið þátt í ráðgefandi vettvangi um fagleg málefni innan háskólans sem og tekið þátt í fræðilegri stefnumótun.

2.2. Áskilin gögn

Umsókn skulu fylgja gögn sem sýna að háskólaráð skólans sem sækist eftir viðurkenningu hafi sjálfstætt umboð til að taka þær ákvarðanir sem þjóna best hagsmunum skólans, nemenda og starfsmanna, í samræmi við markaða stefnu ráðsins.

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu verður jafnframt að geta fært sönnur á að háskólaráð hans fylgi verklagi sem tryggir að það standi vörð um heilindi skólans þegar ákvarðanir eru teknar í málum sem varða eðlilega hagsmuni aðila innan og utan skólans á því sviði sem um ræðir.

Leggja ber fram gögn sem sýna með hvaða hætti háskólaráð felur stjórnsýslu- og fræðasviðum að annast daglega umsýslu kennslu og fræða.

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu skal í framlögðum gögnum gera grein fyrir ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja að eftirtaldir þættir starfseminnar fullnægi kröfum um vandaða stjórnsýslu:

- yfirstjórn eftir því sem kveðið er á um í skipulagsskrá, samþykktum eða öðrum stofnskjölum skólans,
- ákvörðunarvald háskólaráðs (þ.e. hvort hlutverk þess er að vera til ráðgjafar eða taka sjálfstæðar ákvarðanir),
- almenn stjórnunar- og umsýslustörf,
- umsjón með gæðastjórnun,
- innritun, kennsla, nám og námsmat,
- reglur um flutning milli skóla, námsframvindu og brautskráningu,
- starfsmannastefna (reglur um skipan í starf, framgang, starfsmat, stuðning í starfi, viðurlög við brotum í starfi o.s.frv.) eins og hún snýr að kennurum og sérfræðingum, sérmenntuðu starfsfólk, tæknifólk og starfsfólk stjórnsýslu, og þátttaka stúdenta í ákvarðanatöku og stjórnum skólans.

⁴ [Lög um háskóla nr. 63/2006.](#)

2.3 Önnur gögn sem fylgja mega

Stjórnskipan og yfirstjórn

- Skipurit
- Skipulagsstefna
- Gögn og fundargerðir deilda og hópa
- Stjórnskipan
- Gögn sem eru lögð fyrir háskólaráð til umfjöllunar og samþykktar

3. Hæfisskilyrði starfsfólks

3.1 Lög og reglur

Kennslu og rannsóknum skal sinnt með þeim hætti að fullnægt sé markmiðum háskólalaga. Skóli sem sækist eftir viðurkenningu skal koma sér upp viðeigandi umgiðrð til að tryggja fræðilegt sjálfstæði starfsmanna, sbr. 1. mgr. 2. gr. a háskólalaga.⁵

Eins og kveðið er á um í 17. gr. háskólalaga skulu starfsheiti kennara við háskóla vera prófessor, dósent, lektor og aðjúknt.

Þá er áskilið í 18. gr. laganna að háskólar skuli setja á fót dómnefnd til að meta hæfi ofangreindra kennara svo og sérfræðinga. Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa doktorsprófi úr háskóla eða aflað sér jafngildrar þekkingar og reynslu. Í dómnefnd skal sitja a.m.k. einn fulltrúi sem ekki starfar við viðkomandi háskóla.

Háskóli sem sækist eftir viðurkenningu verður að fullnægja ákvæðum 17. og 18. gr. háskólalaga og öllum kröfum sem þar eru tilgreindar.⁶

3.2 Fræðilegt sjálfstæði og tjáningarfrelsi

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu verður að geta lagt fram gögn því til staðfestingar að hann standi vörð um fræðilegt sjálfstæði og tjáningarfrelsi þeirra sem sinna miðlun og varðveislu þekkingar.⁷ Í skjali sem birt hefur verið opinberlega og hefur að geyma lýsingu á stefnu og starfsháttum skólans skal því lýst hvernig unnið er að fyrrgreindu markmiði, hvernig tryggt er að stuðningur skólans við rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun fullnægi faglegum kröfum og hvað gert er til að tryggja að farið sé að ákvæðum laga og reglna, siðareglur séu virtar og ábyrgð á fjárhag skólans sé skýr.

3.3 Hæfisskilyrði starfsfólks

Umsókn um viðurkenningu skulu fylgja upplýsingar um kynjahlutfall í hópi fastráðinna kennara og stundakennara og rökstuðningur fyrir því að samsetning starfsmannahópsins samræmist stefnu háskólans um þróun í þeim málum.

Skilyrði um hæfi háskólakennara og sérfræðinga skulu að jafnaði miðast við að þeir hafi viðeigandi háskólamennntun. Undantekningar má gera í einstökum tilvikum þegar aðstæður í fræðigreininni eru með þeim hætti að rétt getur talist að ráða starfsfólk með annars konar menntun og hæfi, sem þá getur meðal annars verið starfsreynsla, reynsla af öðru tagi og/eða vitnisburður um hæfi sem telja má sönnun þess að skilyrðum laga um ráðningu háskólakennara og sérfræðinga sé fullnægt. Leggja ber fram gögn þessu til staðfestingar.

Óheimilt er að gera slíkar undantekningar við ráðningu í stöðu rektors, og er umsækjendum skyldt að sanna hæfi sitt á einu eða fleiri viðurkenndum fræðasviðum viðkomandi háskóla, sbr. 1. mgr. 15. gr. háskólalaga, staðfest með álíti dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla, auk þess sem þeir skulu hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

3.4 Áskilin gögn

Námsframboð skóla skal ákvæðið á grundvelli hæfniramma sem skólinn hefur komið sér upp og byggður er á Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

Skólinn verður að sýna fram á að hann hafi á að skipa öllum þeim kennurum, sérfræðingum og starfsfólk í tæknideildum og stjórnsýslu sem þörf er á til að viðhalda vönduðu námsframboði og nemendabjónustu sem stenst samanburð við sambærilega háskóla erlendis. Undir þetta fellur að starfandi séu við skólann nægilega margir fræðimenn með fullnægjandi menntun og kjarni fastráðinna kennara og sérfræðinga

⁵ [Lög um háskóla nr. 63/2006](#).

⁶ [Lög um háskóla nr. 63/2006](#).

⁷ Ráðherrasamþykkt EHEA, Róm 2020. Fylgiskjal I Yfirlýsing um fræðilegt sjálfstæði. – [Rome Ministerial Communiqué Annex I \(PDF\)](#)

sem sinnt geta bæði kennslu og öðrum verkefnum sem undir störf háskólakennara falla, þar á meðal því að hafa umsjón með námskeiðum, skilgreina námskröfur og annast námsmat.

Skólinn verður að hafa komið sér upp nauðsynlegu verklagi og verja nægilegum starfskröftum til að tryggja að kennrar og sérfræðingar viðhaldi fræðilegri kunnáttu sinni og færni í kennarahlutverkinu, svo og til að styðja við starfsþróun þeirra. Í gögnum sem um þetta fjalla skal koma fram hvaða stefna hefur verið mótuð og hvaða málsmeðferð er fylgt til að tryggja:

- viðeigandi menntun og hæfi allra kennara,
- heppilegt verklag við reglubundið mat á kennslustörfum og námsmatsvinnu kennara.

Háskólar skulu standa þannig að undirbúningi og samþykkt námsleiða að fullnægt sé lýsingu samkvæmt ESG-kröfum 1.2 *Design and approval of programmes* („Skipulag og samþykkt nýrra námsleiða“) og 1.3 *Student-centred learning, teaching and assessment* („Nemendamiðað nám, kennsla og námsmat“).

Skólar sem sækjast eftir viðurkenningu skulu lýsa verklaginu sem fylgt er við innri gæðastjórnun, og skal meðal annars fjallað um hvernig vinna við skipulag og samþykkt nýrra námsleiða og námskeiða fer fram og hvernig þátttöku ólíkra haghafa er háttað í því starfi, þar á meðal nemenda og utanaðkomandi ráðgjafa. „Jafnframt skal lýsa samhenginu milli fjölda ECTS eininga við það vinnuframlag og hæfnivíðmið sem nemendur skulu hafa tileinkað sér í lok námskeiða og námsleiða skv *Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður* og tengsl þeirra við hæfnijrep sbr. hæfniramma um íslenska menntun.“

Þegar sótt er um viðurkenningu er jöfn og góð hæfni kennara og sérfræðinga einn mikilvægasti þátturinn sem háskóli þarf að huga að. Fastráðnir kennrar jafnt sem stundakennrarar þurfa að hafa háskólapróf og viðeigandi starfsreynslu í faginu sem þeir kenna, og skal prófgráða kennara vera að minnsta kosti einu hæfnijrepí fyrir ofan þrepíð sem kennt er á, samkvæmt þrepaskiptingunni sem mælt er fyrir um í hæfniramma um íslenska menntun.⁸

Kennrar og sérfræðingar sem annast kennslu á bakkalárstigi skulu hafa háskólapróf sem samsvarar að minnsta kosti meistaragráðu í grein á viðkomandi fræðasviði. Kennrar og sérfræðingar sem annast kennslu á meistarastigi skulu hafa doktorspróf og haldgóða reynslu af rannsóknum (með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í undirkafla 3.3).

Þeir forstöðumenn fræðasviða sem hafa yfirumsjón með námsleiðum skulu að jafnaði hafa æðstu námsgráðu sem veitt er í fræðigreininni sem þeir stunda. Þeir skulu tryggja að hæfilegt jafnvægi sé milli fastráðinna kennara og stundakennara.

⁸ Viðmið um æðri menntun og prófgráður. Rg. nr. 1270-2024.

<https://www.stjornartidindi.is/Advertis.aspx?RecordID=91fbfbfa2-923b-4652-a59c-1ca1b581cc20>

3.5 Önnur gögn sem fylgja mega

Kennsla og rannsóknir

- Stefna að því er varðar skipulag og samþykkt námsleiða.
- Stefna að því er varðar fræðilegt sjálfstæði og tjáningarfrelsí.
- Tækifæri til rannsókna og rannsóknastefna.
- Stefna að því er varðar heilindi í vísindum.
- Skrá um rannsóknarhópa.
- Upplýsingar um styrki sem fengist hafa og rannsóknir sem unnið hefur verið að.
- Skrá um starfsfólk með staðfest hæfi til rannsókna.

Hæfisskilyrði starfsfólks

- Stefna um ráðningu, framgang og starfsþróun kennara, sérfræðinga og annars starfsfólks.
- Handbækur fyrir starfsfólk.
- Ítarlegar ferilskrár allra starfsmanna, jafnt kennara og sérfræðinga sem annars starfsfólks.
- Handbók kennara.
- Upplýsingar um starfsþróun og endurmenntun kennara og annars starfsfólks.

4. Inntökuskilyrði og réttindi og skyldur nemenda

4.1 Lög og reglur

Reglur um inntökuskilyrði verða að samræmast ákvæðum 19. gr. háskólalaga.⁹ Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepí hæfniramma um íslenska menntun¹⁰.

4.2 Innritun

Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu svíði erlendis. Fyrst og fremst skal miðað við að nemendur sem innritast í háskóla hafi sýnt fram á að þeir geti tileinkað sér námið sem sótt er um. Í stefnu skólans skal síðan koma fram hvernig því markmiði er náð. Háskólar geta tekið inn nemendur hvort heldur sem er á grundvelli sérstakra inntökuskilyrða eða formlegs raunfærnimats.

Ætlast er til að sérhver skóli sem sækist eftir viðurkenningu geri skýra grein fyrir öllum öðrum formsatriðum og skilyrðum sem tengjast inntöku nemenda (t.d. hvort nemendur eru kallaðir í viðtal, byggt á viðeigandi reynslu, haldin inntökupróf o.s.frv.). Umsókn skulu fylgja gögn þessum atriðum til staðfestingar, þar á meðal reglur og sampykktir sem í gildi eru og inntökuskilyrðin sem beitt er.

4.3 Réttindi háskólanema

Háskólaráð hvers háskóla skal setja reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra og kæruleiðir innan háskólans, í samstarfi við samtök nemenda í skólanum.

4.4 Áskilin gögn

Háskólar skulu fara eftir leiðbeiningunum sem fylgja ESG-kröfu 1.4, *Student admission, progression, recognition and certification* („Inntaka, framvinda, viðurkenning og prófgráður“), og leitast af fremsta megni við að tryggja að staðið sé að þessum atriðum í samræmi við 19. gr. háskólalaga.

Þetta merkir að skóli sem sækist eftir viðurkenningu þarf að birta ekki aðeins fyrirfram skilgreindar reglur um inntöku nemenda, heldur einnig reglur um alla þætti skólastarfsins eins og þeir snúa að nemendum. Undir það falla reglur um viðurkenningu á óformlegu og formlausu fyrra námi, bæði því sem stundað hefur verið fyrir innritun og því sem stundað er meðfram formlegu námi.

Háskóli verður einnig að tryggja að allir nemendur fái réttar upplýsingar um námskeiðin sem þeir skrá sig í, þar á meðal námsefni, námsmatsaðferðir og kennsluaðferðir, svo og sérstakar námskröfur eftir því sem við á (t.d. starfsnám í fyrirtækjum, nám erlendis o.s.frv.). Háskóli sem sækist eftir viðurkenningu verður einnig að gera grein fyrir því hvort hann telur reglur skólans um réttindi nemenda samræmast reglum um hreyfanleika innan Evrópska háskólasvæðisins og grundvallargildum svæðisins.¹¹

⁹ [Lög um háskóla nr. 63/2006](#).

¹⁰ [Hæfnirammi um íslenska menntun](#).

¹¹ ESG, s. 15, krafa 1.4. – [ESG • ENQA](#).

4.5 Önnur gögn sem fylgja mega

Inntaka og innritun nemenda

- Reglur um inntöku nemenda með upplýsingum um skilyrði fyrir inntöku í skólann og einstakar námsleiðir.
- Gögn sem varða raunfærnimat og viðurkenningu á fyrra námi.
- Tölur um fjölda innritaðra nemenda og námsframvindu.
- Reglur um málskotsrétt.
- Reglur um rétt nemenda til að ljúka námi ef til lokunar háskólans kemur.

Réttindi háskólanema

- Dæmi um nemendasamtök og nemendafélög.
- Reglur um þáttöku fulltrúa nemenda í nefndastarfi og gæðastarfi.
- Upplýsingar um kæruleiðir sem nemendum standa opnar.
- Handbók nemenda.

5. Aðstaða og þjónusta

Þjónusta og aðstaða sem nemendum og starfsfólk stendur til boða verður að vera nægilega góð til að háskólanum sé kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu og rækja aðgæsluskyldu.

5.1 Þjónusta

Starfsfólk sem sinnir þjónustu við nemendur skal hafa hlotið viðeigandi menntun og þjálfun og njóta stuðnings til þróunar í starfi. Háskóli skal sjá til þess að öll nauðsynleg aðstaða sé fyrir hendi og nægilegum fjármunum varið til að styðja nemendur og kennara til árangursríks náms og kennslu.

5.2 Stuðningur og sértæk úrræði í námi

Háskólar skulu veita fötluðum nemendum,¹² svo og nemendum með geðræna örðugleika eða aðrar sérþarfir, kennslu og sérstakan stuðning í námi, sbr. 6. mgr. 19. gr. háskólalaga. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur.

Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er. Háskólar skulu jafnframt leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að striða eða veikindi.

5.3 Áskilin gögn

Háskólar skulu fara í hvívetna eftir leiðbeiningunum sem fylgja ESG-kröfu 1.6, *Learning resources and student support* („Námsaðstaða og stuðningur við nemendur“) og leitast af fremsta megni við að tryggja að staðið sé að þessum atriðum í samræmi við 19. gr. háskólalaga.

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu verður að færa sönnur á að hann geti veitt nemendum og starfsfólkí alla nauðsynlega stoðþjónustu og að gæði þjónustunnar samræmist útgefinni stefnu skólans og settum markmiðum. Undir þetta fellur eftirfarandi:

- upplýsingar um aðstöðu á borð við bókasöfn, tölvuver, húsnæði fyrir sviðslistir o.s.frv.
- námsaðstaða, teikningar af byggingum og staðsetning þjónustunnar á háskólasvæðinu
- tölvukerfi
- einstaklingsbundin leiðsögn
- stuðningur við rannsóknastarf
- þjónusta til að greiða fyrir miðlun tækniprekkingar
- ráðgjöf og stuðningur á sviði geðheilsu
- starfsráðgjöf fyrir starfsfólk og þróun í starfi
- önnur ráðgjafarþjónusta

¹² Fötlun er skilgreind í þessu tilliti í samræmi við 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

5.4 Önnur gögn sem fylgja mega

Þjónusta

- Stoðþjónusta sem stendur nemendum til boða, svo sem:
 - þjónusta fyrir fatlaða nemendur,
 - fjárhagsaðstoð,
 - almenn ráðgjöf,
 - starfsráðgjöf,
 - tölvuþjónusta,
 - o.s.frv.
- Upplýsingar um:
 - nemendaskrá,
 - vefkerfi og námsumsjónarkerfi háskólans,
 - prófakerfi,
 - upplýsingaöryggi og meðferð persónuupplýsinga bæði nemenda og starfsfólks.
- Upplýsingar um námsaðstoð sem í boði er.
- Fræðsla og framkvæmd til að vinna gegn ritstuldi og tryggja heilindi í vísindum.

Innviðir og aðstaða

- Upplýsingar um fjárfestingar sem ráðist er í til að bæta aðstöðu og tæknibúnað.

6. Gæðastarf

Háskóli skal sýna fram á að fullnægjandi ábyrgð sé tekin á því að námsleiðir, námsumhverfi og stoðþjónusta standist gæðakröfur. Metið skal, með aðferðum sem ætlað er að stuðla að samfelldu umbótastarfi, hversu vel þessir þættir stuðla að góðum námsárangri.

6.1 Lög og reglur

Lýsing á gæðakerfi háskóla skal vera í samræmi við 11. og 12. gr. laga um háskóla og rammaáætlun Gæðamats háskóla um eflingu gæða háskólanáms á Íslandi (*Quality Enhancement Framework eða QEF*).¹³

6.2 Markmið

Markmið eftirlits með gæðum kennslu, náms og rannsókna í háskólum er:

- að tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt,
- að tryggja að Viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt,
- að bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt, meðal annars með því að starfrækja viðeigandi kerfi og hafa nægilega margt fólk starfandi til að geta stutt við gæðastarfið og haft vakandi auga með því, fylgt eftir ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli gæðastefnunnar o.s.fr.,
- að stuðla að aukinni ábyrgð háskóla á eigin starfi,
- að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

Háskólar skulu sinna kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu, náms og rannsókna í samræmi við rammaáætlun Gæðamats háskóla um eflingu gæða háskólanáms.

6.3 Innra mat

Innra eftirlit og mat háskóla og eininga innan hans skal vera reglubundið og snúa að stefnu og markmiðum, inntaki náms, kennslu, kennsluháttum, námsmati, rannsóknum, árangri rannsókna, aðbúnaði, stjórnun og ytri tengslum.

Tryggja skal virka þáttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi háskóla.

Háskóli skal birta á vefsetri sínu upplýsingar um aðferðirnar sem notaðar eru og árangur innra gæðastarfs.

6.4 Áskilin gögn

Innra gæðastarf er fólgíð í því að sinna reglulegu eftirliti með námsleiðum og mati á þeim, og grípa til úrbóta eftir því sem niðurstöður matsins gefa tilefni til hverju sinni. Háskóli skal meta alla þá þætti starfsins sem tengjast námi sem nemendur ávinna sér einingar fyrir, þar á meðal einnig nemendaþjónustuna. Háskóli skal geta lagt fram stefnu sem sýnir að fullnægjandi kröfur séu gerðar til náms sem metið er til eininga við innritun nemenda sem flytjast milli skóla.

Meðal gagna sem háskóli leggur fram um innra gæðastarf sitt skulu vera gæðastefna og gæðahandbók, og skulu slík gögn hafa að geyma upplýsingar um hvernig þáttöku nemenda í stjórnun skólans og gæðastarfi er háttáð, hvernig umsagna er aflað frá nemendum og hvernig skólinn nýtir sér þær, hvaða tengsl eru milli gæðastarfsins og þeirra stofnana skólans sem fara með ákvörðunarvald og dæmi um

¹³ [Lög um háskóla nr. 63/2006.](#)

hvernig niðurstöður innra gæðaeftirlits eru nýttar. Háskóli skal með jöfnu millibili taka þátt í stofnanaúttektum sem fram fara á vegum Gæðamats háskóla.

Háskóli setur og fylgir eftir reglum um forkröfur einstakra námskeiða, þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér við námslok, námsaðstöðu og hæfisskilyrði kennara á öllum námsleiðum skólans.

Stefna háskóla að því er varðar ofangreinda þætti gæðastarfsins skal birt opinberlega og gerð að föstum þætti í stjórnun og stefnumótun skólans.

Stefnan skal samræmast rammaáætlun Gæðamats háskóla um eflingu gæða háskólanáms á Íslandi og kröfum og leiðbeiningum fyrir gæðastaðla á Evrópska háskólasvæðinu frá árinu 2015, einkum kröfu 1.1. *Policy for Quality Assurance („Gæðastefna“)* og kröfu 1.9 *Ongoing monitoring and periodic review of programmes („Símat og regluleg endurskoðun námsleiða“)*, og hafa að geyma ítarlega lýsingu á því hvernig skólinn skipuleggur innra gæðaeftirlit kennslu og náms.

6.5 Önnur gögn sem fylgja mega

Gæðastarf

- Gæðastefna.
- Lýsing á gæðakerfi skólans.
- Skjal sem hefur að geyma staðfestingu þess að við skólann sé starfandi gæðastjóri og annað hvort sérstök gæðanefnd eða aðrar nefndir sem sinna hlutverki slíkrar nefndar jafnframt öðrum verkefnum, ásamt fundargerðum næstliðinna 3 ára hið minnsta.
- Skjal sem sýnir hvaða stefnu er fylgt við endurskoðun námsleiða, hvernig staðið er að slíkri endurskoðun, hversu oft hún fer fram og hvaða leiðbeiningar gilda um framkvæmd hennar.
- Gæðahandbók.
- Dæmi um hvernig námsleið hefur verið endurskoðuð.
- Málsmeðferð við mat á fyrra námi til eininga.
- Upplýsingar um þátttöku nemenda í stjórnun skólans og gæðastarfi.
- Verkferlar sem fylgt er við innri og ytri endurskoðun námsleiða.
- Tölur sem sýna til hvaða starfa nemendur hverfa eftir brautskráningu, hversu stórt hlutfall brautskráðra er starfandi o.s.frv.
- Kannanir meðal brautskráðra nemenda.
- Upplýsingar um þátttöku kennara, starfsmanna fræðasviða, háskólaráðs og nemenda í vinnunni við endurskoðun námsleiða.
- Fundargerðir og fundardagskrár sem sýna hvernig gagnanotkun einstakra deilda er háttað og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar á grundvelli greiningar á lögum.
- Niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið meðal nemenda og upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið á grundvelli þeirra.
- Hvernig umsagna er aflað frá nemendum og hvernig skólinn nýtir sér slíkar umsagnir.
- Tengsl milli gæðastarfsins og þeirra stofnana skólans sem fara með ákvörðunarvald.

7. Þekking og hæfni við námslok

Háskóla ber að birta lýsingu á þekkingu, leikni og hæfni nemenda við námslok fyrir hverja námsleið sem í boði er á viðkomandi fræðasviði og undirflokkviðkomandi fræðasviðs samkvæmt Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, sbr. 5. gr. háskólalaga.¹⁴

Viðmið um æðri menntun og prófgráður hefur að geyma skilgreiningar og lýsingar á námsleiðum og námsgráðum á háskólastigi og lýsingar á þekkingu, leikni og hæfni á hverju hæfniþrepi.

Háskóli sem sækist eftir viðurkenningu skal leggja fram, fyrir hverja námsgráðu, lýsingu á þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér við námslok, og sýna fram á hvernig námskeið eða aðrir þættir námsleiðarinnar sem er að baki námsgráðunni stuðla að markmiðum þeirrar lýsingar.

Háskóli skal jafnframt tilgreina hvaða hæfniþrepi hver námsgráða tilheyrir, í samræmi við hæfniramma um íslenska menntun.

7.1 Námsleiðir

Námsleiðir háskóla skulu taka mið af stefnu skólans, námsframboði og prófgráðum. Háskóli skal gera grein fyrir tilgangi og inntaki námskrafa og þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur eiga að búa yfir við námslok.

Gögn sem fylgja umsókn verða að sýna hvernig skólinn tryggir að námskeið og námsleiðir samræmist nýjustu vitnesku og leiði til þekkingar og hæfni við námslok sem er í eðlilegu samræmi við fjölda eininga sem nemendur ávinna sér og hæfniþrepið sem kennt er á. Í gögnunum verður einnig að koma fram hvaða leiðir háskólinn fer til að hvetja nemendur til að afla sér þekkingar, greina hana og miðla henni. Með öðrum orðum skulu gögnin sýna að skólinn fylgi stefnu um kennslu, nám og námsmat sem er tilhlýðileg á háskólastigi og að hann styðji við framkvæmd þeirrar stefnu eftir þörfum, og í samræmi við starfsvertvang skólans, með því að hlúa að virku rannsóknastarfi.

7.2 Áskilin gögn

Í mati háskóla á þekkingu og hæfni við námslok og almennri umgjörð námsleiða sem skólinn býður fram skal vísað til ESG-kröfu 1.3. *Nemendamiðað nám, kennsla og námsmat*.

Huga ber sérstaklega að mati á því hvort lýsingar á þekkingu, leikni og hæfni við námslok hæfa tilgangi sínum, bæði á námsleiðum og í einstökum námskeiðum, og tryggja að gott samræmi sé milli þekkingar, leikni og hæfni við námslok á námsleið annars vegar og í einstökum námskeiðum hins vegar.

Eins og fram kemur í Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður er það grundvallaratriði að þekking, leikni og hæfni við námslok sé skilgreind á öllum námsleiðum í samræmi við hæfniþrepið sem viðkomandi námsgráða tilheyrir.

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu skal einnig lýsa því, með vísan til gagna, hvernig mat á þekkingu, leikni og hæfni við námslok fer fram. Nemendum skal gert kleift að nálgast tímanlega fyrir upphaf hverrar annar upplýsingar um þekkingu, leikni og hæfni við námslok eins og hún er skilgreind fyrir hverja námsleið og hvert námskeið, og hvernig staðið er að mati á þeirri þekkingu, leikni og hæfni.

7.3 Önnur gögn sem fylgja mega

Þekking, leikni og hæfni við námslok

- Gögn sem lýsa starfsemi kennsluráðs/námsráðs, þar á meðal hverjir skipa ráðið, útgefin stefna ráðsins og dæmi um fundargerð.
- Ítarleg lýsing á öllum námsgráðum, þar á meðal hæfniviðmiðum í þremur þáttum

¹⁴ [Viðmið um æðri menntun og prófgráður. Rg. nr. 1270-2024.](#)

(þekkingu, leikni og hæfni) fyrir námsgráðuna sjálfa og öll námskeið og námsleiðir sem leiða til hennar.

- Gögn sem lýsa tengslum milli bakkalár- og meistarastigs eða samkennslu milli stiganna, ef um slíkt er að ræða, og þá um leið aðgreiningu milli þekkingar- og hæfniviðmiða eftir hæfniprepí nemenda og hvernig tryggt er að sú aðgreining sé virt.
- Kennsluskrá
- Gögn sem sýna hvernig skólinn notar ECTS-einingar og áætlað vinnuframlag nemenda fyrir hverja áunna einingu.
- Upplýsingar um verklagið sem fylgt er þegar nýjar námsgráður, námsleiðir og námskeið eru þróuð.
- Eintak af viðauka með prófskírteini fyrir námsgráður sem fyrirhugað er að veita.

8. Fjárhagsmál

Háskóli skal haga fjármálum sínum með þeim hætti að hann geti staðið skil á öllum fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart nemendum, starfsliði, tengdum stofnunum, fyrirtækjum og hinu opinbera. Ráðuneytið annast mat á fjárhagsstyrk og rekstrarhæfi háskóla sem sækist eftir viðurkenningu.

8.1 Lög og reglur

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu skal gera grein fyrir rekstrarformi sínu, hvort sem reksturinn fellur undir ákvæði VIII. kafla háskólalaga, byggist á framlögum úr ríkissjóði samkvæmt öðrum lögum eða eingöngu á framlögum einkaaðila.

8.2 Áskilin gögn

Samningur um að fram skuli fara úttekt á háskóla með viðurkenningu fyrir augum felur ekki sjálfkrafa í sér skuldbindingu um opinber fjárframlög. Til að háskóli getið hlotið viðurkenningu verður hann þó að geta sýnt fram á rekstrargrundvöll fyrir starfsemi sinni. Samningar um fjárframlög til háskóla sem hafa hlotið viðurkenningu eru gerðir samkvæmt ákvörðun ráðherra. Þótt skólar séu reknir fyrir almannafé eingöngu eru þeir ekki undanþegnir þeirri skyldu að nýta tiltæka fjármuni vel og sýna ráðdeild í rekstri.

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu skal ávallt gera grein fyrir skipulagi rekstrarins, áætluðum mesta og minnsta fjölða innritaðra nemenda í hverri fyrirhugaðri námsleið á ári hverju og áætlunum um frekari uppbyggingu námsleiða.

Í tengslum við nemendafjölda skal einnig fjalla um fjármögnun námsleiða, þ.e. hlutfall opinberra fjárframlaga, ef einhver eru, annars vegar og skólagjalda hins vegar og hversu miklum fjármunum verður varið til rekstrar einstakra námsleiða, og almennt um hvaðan tekjur muni koma.

Skóli sem sækist eftir viðurkenningu skal sýna fram á hvernig hann hyggst tryggja nægilega fjármögnun námsleiða til að nemendur geti lokið námi, og leggja fram útreikninga sem sýna, að minnsta kosti lauslega, að vel hafi verið hugað að kostnaði við hverja námsleið og leiðum til að standa undir þeim kostnaði.

Fjárhagsstaða háskóla skal að jafnaði vera slík að hann geti greitt af eigin fé allan kostnað af rekstri skólans eina námsönn án fjárframlaga utan frá.

8.3 Önnur gögn sem fylgja mega

Fjárhagsmál

- Gögn því til sönnunar að skólinn búi við nægilega sterka fjárhagsstöðu til að standa undir rekstri námsins bæði við upphaf starfseminnar og til lengri tíma lítið.
- Staðfesting á fjárhagslegri áætlanagerð þess eðlis að nægilegum fjármunum sé ráðstafað til starfseminnar og stöðugt unnið að þróun rekstrarins.
- Gögn sem sýna að námsframboð samræmist útgefinni stefnu skólans og að gerðar hafi verið ráðstafanir til að viðhalda því námsframboði til nokkurrar frambúðar.
- Gögn sem sýna að unnið sé að stefnumótun á nýjum sviðum og endurskoðun eldri stefnu og bera þannig vott um að skólinn haldi tryggð við hlutverk sitt og hugi að því að treysta stoðir starfseminnar.
- Stefna skólans að því er varðar skiptingu tiltækra fjármuna milli kennslu og rannsókna.

Fylgiskjal 1: Aðdragandi og ítarefni

Bologna samstarfið (Bologna process)

Ísland var meðal stofnríkja Bologna samstarfsins árið 1999.¹⁵ Bologna-samstarfið hefur það markmið að ná fram aukinni samræmingu háskólamenntunar í Evrópu, meðal annars að því er varðar gæðastarf, viðurkenningu námseininga, ævinám, nám til doktorsprófs og sameiginlegar námsgráður. Meginatriði þeirrar samræmingar er að námsgráður á háskólastigi skiptast á þrjú hæfniprep. Í hæfniramma samstarfsins, sem var samþykktur á fundi ráðherra í Björgvin árið 2005, eru námsgráðurnar skilgreindar á grundvelli viðmiða um þekkingu og hæfni við námslok, þ.e. lýsinga á þeiri þekkingu og hæfni sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér þegar námsgráða er veitt. Í lýsingum hæfnirammans á hverju hæfniprepi er vísað til Evrópsks viðurkenningarkerfis námseininga (*European Credit Transfer and Accumulation System, ECTS*).

Lög og reglur

Setning núgildandi laga um háskóla, nr. 63/2006, hafði meðal annars þann tilgang að binda í lög skuldbindingar sem Íslendingar gengust undir með aðild sinni að Bologna samstarfinu og útfærslu þess á Evrópska háskólasvæðinu.

Með lögunum varð til rammalöggjöf um alla háskóla á landinu, en í því fólst meðal annars að háskólar sækja um viðurkenningu á grundvelli fræðasviða og undirflokkja þeirra samkvæmt skilgreiningum svonefndrar Frascati-handbókar sem OECD hefur gefið út.¹⁶ Viðurkenning náms á háskólastigi fer fram samkvæmt reglugerð nr. 1067/2006¹⁷. Sérstök reglugerð var gefin út um viðurkenningu doktorsnáms.¹⁸

Viðurkenning einstakra háskóla

Á árunum 2006–2009 hlutu allir starfandi háskólar viðurkenningu á öllum þeim fræðasviðum sem þá voru starfrækt, með þeiri undantekningu að Listaháskóli Íslands hlaut viðurkenningu í undirflokknum listir á fræðasviðinu hugvisindi.¹⁹

Gæðamat íslenskra háskóla og ráðgjafarnefnd Gæðaráðs

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setti árið 2010 á fót Gæðaráð íslenskra háskóla og var það þáttur í að fullnægja skuldbindingum sem Íslendingar höfðu tekist á hendur með þátttöku sinni í Bologna-samstarfinu.²⁰ Árið 2024 var nafni Gæðaráðs íslenskra háskóla breytt í Gæðamat háskóla (á ensku Icelandic Agency for Quality Assurance). Gæðamat háskóla er sjálfstætt í störfum sínum og skipað erlendum sérfræðingum. Því er falið að annast gerð rammaáætlunar um eflingu gæða háskólanáms á Íslandi (á ensku *Quality Enhancement Framework*, eða QEF) og framkvæmd stefnunnar sem þar er mótuð. Gæðamat háskóla hefur ytra eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla. Gæðamat háskóla hefur einnig það hlutverk að gefa út viðmið um innra mat háskóla á einstökum sviðum kennslu, náms og rannsókna.

Árið 2010 var einnig gerð önnur og ekki síður mikilvæg breyting þegar ráðgjafarnefnd Gæðaráðs var sett á fót. Menntamálaráðherra skipaði fulltrúa í nefndina fyrstu tvö árin og hlutverk hennar var þá fyrst og fremst að sinna ráðgjöf fyrir Gæðaráð. Veruleg breyting varð á því árið 2012 þegar nefndinni var falið það mikilvæga hlutverk að kynna háskólum sem eiga fulltrúa í nefndinni dæmi um góð vinnubrögð á sviði

¹⁵ [European Higher Education Area and Bologna Process](#).

¹⁶ Frascati Manual 2015. *Guidelines for collecting and reporting data on research and experimental development – Frascati Manual 2015 (OECD)*.

¹⁷ [Viðurkenning háskóla á grundvelli 3. Gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Rg. nr. 1067-2006](#).

¹⁸ [Doktorsnám í háskólum skv. 7. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Rg. nr. 37-2007](#).

¹⁹ [Viðurkenning á fræðasviðum háskóla \(Stjórnarráðið\)](#).

²⁰ [Icelandic Agency for Quality Assurance](#).

gæðastjórnunar, jafnt innan lands sem utan, ásamt því að vera Gæðaráði áfram til ráðgjafar. Ráðgjafarnefndina skipa nú gæðastjórar íslensku háskólanna og fulltrúar Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS). Áheyrnarfulltrúar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins og starfsmaður Gæðamats háskóla sitja einnig fundi ráðgjafarnefndarinnar.

Gæðahandbók íslenskra háskóla

Rammaáætlun um eflingu gæða háskólanáms á Íslandi (*Quality Enhancement Framework* eða QEF) er umgjörð sem háskólar nota, hver fyrir sig og í sameiningu, til að tryggja að allar námsgráður hvíli á vönduðum grunni og sem grundvöll kerfisbundinna umbóta á bæði námi og kennslu og umsýslu rannsókna. Árið 2011 var samin á vegum Gæðaráðs gæðahandbók fyrir íslenska háskóla. Handbókin var gefin út á ensku undir heitinu *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*. Að lokinni einni umferð stofnanaúttekta Gæðaráðs á starfi háskóla í landinu var handbókin endurskoðuð og birt í nýrri útgáfu árið 2017 samhliða því sem vinna hófst við næstu umferð úttekta. Gæðahandbókinni er ætlað að vera háskólum til leiðbeiningar um gæðastarf, bæði til að auðvelda undirbúning ytra mats og til að stuðla að góðum vinnubrögðum í gæðamálum og stuðla að betra innra mati. Handbókinni er einnig ætlað að leiðbeina íslenskum háskólum um EHEA-skuldbindingar, einkum þær sem fram koma í handbók um kröfur og leiðbeiningar fyrir gæðastaðla á evrópska háskólasvæðinu (ESG).²¹

Undanfarinn áratug hafa allar helstu stofnanir íslensks háskólasamfélags, þar á meðal háskólarnir, Gæðamat háskóla og ráðgjafarnefnd hennar, Landssamband íslenskra stúdenta (LÍS) og samstarfsnefnd háskólastigsins, unnið að því hörðum höndum að efla gæðastarf háskólanna og tryggja að Íslendingar fullnægi skuldbindingum sínum sem þáttakendur í samstarfi Evrópska háskólasvæðisins og Bologna-samstarfinu. Gæðahandbók íslenskra háskóla, reglur um eftirlit með góðum kennslu og rannsókna í háskólum og reglur um doktorsnám í háskólum hafa allar þann tilgang að tryggja góða framkvæmd Bologna-samstarfsins.²²

Málsmeðferð vegna viðurkenningar

Minna hefur verið hugað að því að útfæra einstaka þætti málsmeðferðar vegna viðurkenningar, með þeim hætti og í þeim mæli sem kveðið er á um í lögum um háskóla 63/2006. Ráðuneyti háskólamála hafa aðeins borist fáeinars umsóknir um viðurkenningu háskólanáms allt frá árinu 2008 og hefur í flestum tilvikum verið um að ræða umsóknir starfandi háskóla um viðurkenningu doktorsnáms á fræðasviðum sem þegar höfðu hlutið viðurkenningu sem slík.²³ Flestir íslenskir háskólar hafa lagt meiri áherslu á að auka námsframboð á fræðasviðum sem þegar hafa hlutið viðurkenningu en að koma á fót nýjum fræðasviðum. Þessari handbók er ætlað að skjóta styrkari stoðum undir viðurkenningarstarfið með því að birta skýrar og ítarlegar upplýsingar um gögn sem leggja þarf fram til stuðnings umsókn um viðurkenningu nýrra skóla og fræðasviða.

²¹ [QEF3 \(2024-2029\)](#).

²² [Eftirlit með góðum náms, kennslu og rannsókna í háskólum. Rg. nr. 1165-2024.](#)

²³ [Doktorsnám í háskólum skv. 7. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Rg. nr. 37-2007.](#)

